

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

#### *Mariúvellir, Klettur, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. september 2022 tillögu að deiliskipulagi fyrir Klett úr landi Mariúvalla. Skipulagssvæðið tekur yfir byggingarreit og aðkomu að svæðinu. Innan svæðisins er heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr, skemmu og gestahús. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að samnýta aðkomu frá Gilsbakkavegi sem hefur verið samþykkt í deiliskipulagi fyrir Klettamörk (samþykkt 14. janúar 2021) og Mariúvelli (samþykkt 23. ágúst 2018). Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Hagi, lóð, L165212, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. september 2022 tillögu að deiliskipulagi fyrir Haga, lóð, L165212. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingarreitum fyrir allt að fjórum frístundahúsum/gestahúsum og skemmu ásamt því að skilgreina reit undir núverandi hús með áform um að stækka það síðar. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Króktún, Nátthagi, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. september 2022 tillögu að deiliskipulagi fyrir Króktún. Tillagan tekur til byggingarreits þar sem heimilt verður að byggja íbúðarhús og bílskúr. Aðkoma er frá Landvegi (26) um afleggjara að Króktúni. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 26. september 2022.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 10. október 2022